

## Pétursey - Stórhöfði

Afréttur eða heiðarland Péturseyjar nefnist **Stórhöfði** (1). Hann takmarkast að austan af **Hafursá** (2), sem fellur úr Mýrdalsjökli. Rennur áin fyrst um svonefnt **Austurgil** (3), austan við Gvendarfell,<sup>1</sup> er síðar getur, svo um **Hólsgil** (4). Þaðan fellur áin fram á sléttlendið og er nú beint til suðvesturs og hefur síðan sama farveg og Klifandi til sjávar. Vestan við Stórhöfða er **Lambá** (5), sem rennur fyrst eftir **Bárðargili** (6) en síðan eftir **Lambárgili** (7). Lambá getur orðið vatnsmikil í leysingum og stórregni og hefur eytt gróðurlendi. Hún fellur í Hafursá. Stórhöfði hefur frá fornu fari verið upprekstrarland Péturseyinga. Reynt hefur verið að ná Stórhöfða undir Keldudal, sem á land vestan að honum, en ekki hefur það borið árangur.

Stórhöfði er brattlendur, sundurskorinn af giljum og því erfiður til smölunar. Syðst og vestast í honum er svonefnt **Fles** (8). Þaðan skal haldið inn með Lambá. Þar er þá niður við aurinn hæð, sem heitir **Öxl** (9). Skammt innar heitir **Vondiseti** (10). Á Vondaseta eru nafnlausir hamrar. Inn af Vondaseta, inni í gílinu og hátt uppi, er **Gathilla** (11), mjög tæp og alófær í áfreðum. Niður af Gathillu, vestan í hömrunum, er stór hvekkur, sem heitir **Stórasveldi** (12). Norður og austur af Vondaseta heitir **Leynimýri** (13). Innan hennar og Stórasveltis er **Þvergil** (14). Þvergil liggur niður að Lambá. Austur frá því er annað **Þvergil** (15), sem liggur austur og niður að Hafursá. Milli giljanna er **Lambasteinn** (16). Höfðinn þarna suður af er nefndur **Lághöfði** (17). Sunnan við Þvergilið, eystra, eru **Kálfatorfur** (18), sléttlendi niður við Hafursá.

Nú skal halda fram Lághöfða. Töluvert neðan við Þvergilin er **Karlsflötur** (19), beint vestur af Karli í Dalaheiði, austan Hafursár. Þá gengur hér **Selgil** (20) upp frá Hafursáraurum. Í því, norðan við lækinn og niður við aurinn, er hellir, sem heitir **Einarsskemma** (21). Hæðin uppaf honum heitir **Einarsskemmuhaus** (22). Um nafnið er eftirfarandi saga: Í Pétursey bjó laust fyrir miðja 19. öld bóndi, er hét Einar

<sup>1</sup> Gvendarfell er í Dalaheiði. Hafursá rennur báðum megin við það.

Einarsson, ættaður úr Meðallandi, og kona hans, Sigríður Einarsdóttir. Einar var undarlegur í skapi og hátterni. Þá var siður manna í Pétursey að fara í Stórhöfða og grafa upp hvannarætur til manneldis. Einar var þess fullviss, að til væru útilegumenn og þóttist í draumum standa í sambandi við þá. Haustið nokkurt, þegar Eyjarmenn fóru til róta, skrifaði Einar útilegumönnum bréf með lettri, sem enginn gat lesið, og bað þá að skilja eftir á tilteknum stað í Stórhöfða. Var bréfið þess efnis, að hann bað þá að taka við sér og konu sinni á tilteknum degi. Ætlaði Einar á þennan hátt að losna við ómegð sína, sem reyndar var ekki þung. Áttu rötarmenn að koma með svar, en þar sem það brást, tóku þau hjón sig upp á næturþeli og yfirgáfu allt sitt heima, nema búsaðöld og annað, er þau þurftu með sér að hafa, og héldu upp í Stórhöfða og settust að í helli þessum, sem síðan heitir Einarsskemma. Biðu þau þar útilegumanna, en þegar þeir komu ekki og vistir þrutu, héldu þau aftur heim til Péturseyjar.

Suður af Selgili heitir suðausturhorn Lághöfða **Berjanes** (23) og þar er **Berjanesgil** (24). Norðan Selgils er **Háaból** (25) og **Háabólshaus** (26).

Nú skal haldið inn fyrir Þvergil. Innan við það er Bárðargil, sem fyrr er nefnt. Áður mun það hafa verið kallað **Vesturgil** (27). Þar er stór foss í gilinu. Þar innar er **Steinbogagil** (28) og **Steinbogi** (29). Þar lá leið yfir í Lághöfðann. Innar er gil, sem heitir **Ranagil** (30). Upp af því er hæð, sem heitir **Fremra-Grænafjall** (31), og innar við gilið er **Innra-Grænafjall** (32), sem svo nær inn undir jökul. Framan í því eru stallar, sem heita **Rákir** (33). Vestan við þær heitir **Rani** (34). Innsti hluti Bárðargils heitir **Jökulgil** (35) og þar er hæð upp við jökul, sem heitir **Jökulhaus** (36).

Kálfatorfur voru fyrr nefndar. Niður af þeim, í Hafursárgili, eru grastorfur, sem heita **Fremri-Nautatungur** (37). Þar er bergsnös, sem heitir **Karl** (38). Framan til í honum, neðan við bergið, er **Karlstorfa** (39). Þá taka við háir hamrar, og upp úr einum þeirra gengur drangur með gati í gegn. Hann heitir **Kerlingareyra** (40). Ofan við Kerlingareyra er **Nautatungubrekka** (41). Vestan við Kerlingareyra er Þvergil. Þar uppaf, þvert fyrir ofan Nautatungurnar, eru **Hryggir** (42). Hér innar í gilinu er **Lambhagi** (43) niður við á. Niður í hann er einstigi, og fer sauðfé þar ekki upp. Þar við er **Nautatungufoss** (44), fellur frá bergbrún niður í á. Þá taka við **Innri-Nautatungur** (45). Þá er hæð, sem heitir **Fýlahaus** (46) og **Vondhöfuð** (47), allmikið svæði með hömrum og klungri, sem erfitt er um að fara. Norðan og innan við Vondhöfuð heita

**Rauðuskriður** (48), sem ná inn í skriðjökul í gilinu. Uppaf þeim eru **Rauðuskriðubrýr** (49). Niður af Vondhöfði er öxl, sem heitir **Fýlöxl** (50).

Innan við Rauðuskriðubrýr er **Mosakambur** (51) og er þá komið inn að jökli.

Örnefni í Stórhöfða skráði Magnús Finnbogason eftir Elíasi Guðmundssyni í Pétursey. Skrá Magnúsar var yfirfarin af Eyjólfí Högnasyni á Hvoli og Sigurjóni Árnasyni í Pétursey. Ari Gíslason fékk til athugunar handrit Eiríks E. Sverrissonar kennara og tók ýmsan fróðleik úr því. Nú síðast er örnefnaskráin yfirfarin með Þórhalli Friðrikssyni frá Pétursey, sem þekkir vel til staðhátta og örnefna í Stórhöfða.

17.1. 1968.

Þ[órður].T[ómasson].

## Stafrófsskrá örnefna

Austurgil 3	Rákir 33
Bárðargil 6	Selgil 20
Berjanes 23	Steinbogagil 28
Berjanesgil 24	Steinbogi 29
Einarsskemma 21	Stórasveldi 12
Einarsskemmuhaus 22	Stórhöfði 1
Fles 8	Vesturgil 27
Fremra-Græna fjall 31	Vondhöfuð 47
Fremri-Nautatungur 37	Vondiseti 10
Fýlahaús 46	Þvergil 14
Fýlöxl 50	Þvergil 15
Gathilla 11	Öxl 9
Græna fjall, Fremra- 31	
Græna fjall, Innra- 32	
Hafursá 2	
Háaból 25	
Háabólshaus 26	
Hólsgil 4	
Hryggir 42	
Innra-Græna fjall 32	
Innri-Nautatungur 45	
Jökulgil 35	
Jökulhaus 36	
Karl 38	
Karlsflötur 19	
Karlstorfa 39	
Kálfatorfur 18	
Kerlingareyra 40	
Lambasteinn 16	
Lambá 5	
Lambárgil 7	
Lambhagi 43	
Lághöfði 17	
Leynimýri 13	
Mosakambur 51	
Nautatungubrekka 41	
Nautatungufoss 44	
Nautatungur, Fremri- 37	
Nautatungur, Innri- 45	
Ranagil 30	
Rani 34	
Rauðuskriðubrýr 49	
Rauðuskriður 48	